



Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Hjúkrun HJÚ 503 - fjarnám Námsáætlun vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Inga Björg Ólafsdóttir	Sk.st.	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfanga- markmið/ viðfangs- efni:	<p>Meginmarkmið Að nemandi kynnist hugmyndafræði fjölskyldu- og heilsugæsluhjúkrunar með forvarnir að leiðarljósi. Að nemandi þekki áhrif geðraskana á einstaklinga og fjölskyldur og kynnist þróun og meðferðarformum algengra geðsjúkdóma.</p> <p>Áfangalýsing Í áfanganum er lögð áhersla á heildarhyggju. Fjallað er um hugtök og kenningar í fjölskylduhjúkrun. Farið er í kenningar um þroskaferil fjölskyldunnar, þarfir og verkefni fjölskyldumeðlima á ýmsum þroskastigum. Hugtök og kenningar í tengslum við barneignir eru kynntar. Farið er í hugmyndafræði heilsueflingar og hjúkrunarviðfangsefni í tengslum við fjölskyldu- og heilsugæsluhjúkrun. Fjallað er um meðgöngu, fæðingu og þroska barna og unglunga. Farið er í ofbeldi í fjölskyldum og afleiðingar þess. Fjallað er um barnahjúkrun og áhrif sjúkdóma á þroska og afkomu fjölskyldunnar. Hugmyndafræði geðhjúkrunar er kynnt. Fjallað er um algengar geðraskanir, forvarnir, meðferð og endurhæfingu geðsjúkra með áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun.</p> <p>Áfangamarkmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekkja helstu kenningar um þroskaferli fjölskyldunnar og viðfangsefni á mismunandi þroskastigum • Geta gert grein fyrir hugmyndafræði heilsueflingar og heilbrigðisfræðslu • Þekkja eðlilegt barneignarferli og frávik • Þekkja eðlilegan vöxt og þroska barna og unglunga • Þekkja ýmis einkenni ofbeldis innan fjölskyldu og afleiðingar þess • Vera færir um að greina og túlka áhættur í umhverfi barna og unglunga • Þekkja viðbrögð barna og unglunga við sjúkdómum og vanheilsu • Geta mætt mismunandi hjúkrunarþörfum barna og unglunga • Þekkja þær breytingar sem verða hjá fjölskyldum þegar barn þarf vistun á stofnun • Þekkja þörfina á þverfaglegri samvinnu í fjölskylduhjúkrun • Þekkja meginhugtök í geðhjúkrun og hafi yfirsýn yfir algeng meðferðarform • Geta greint frá helstu þáttum er tengjast hugmyndafræði geðhjúkrunar
---	---

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Hjúkrun HJÚ 503 - fjarnám	Námsáætlun vorönn 2017

Tegund	Námsgögn
Kennslubók	Samfélagshjúkrun höfundur Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir. Iðnú 2015. Ýmis ljósrit frá kennara og ýmsar vefsíður notaðar, t.d. http://www.doktor.is og http://www.ljosmodir.is
Ljósrit	Ýmsar greinar og verkefni.

Vika	Námsefni
1 - 3	Verknám nemenda.
4 - 6	Þroskaferill fjölskyldunnar. Þroskaverkefni fjölskyldunnar Fjölskyldumynstur. Að leggja rækt við fjölskylduna
7 - 8	Meðganga og fæðing. Fósturproski Meðganga og mæðravernd. Stig fæðingar Brjóstgjöf. Fæðingarpunglyndi
9 - 14	Nýburinn og barnahjúkrun. Þroski barna. Eðlilegur þroski barna Þroskafrávik. Börn með sérþarfir
15	Páskafrí.
16 - 18	Geðsjúkdómar. Meginhugtök í geðhjúkrun og algeng meðferðarform Hugmyndafræði geðhjúkrunar

Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Ritgerð	Viðtalsritgerð 8-12 blaðsíður	35%	
Lokapróf	Lokapróf í maí	40%	
Verkefni	Verkefni. Ef verkefni berst innan hálf mánaðar frá því að það er sent þá er einkunnin reiknuð að fullu. Ef verkefni berast seinna en það fer kennari yfir þau og gefur einkunn fyrir en hún reiknast sem núll í lokaeinkunn nema að nemendur hafi samið um annað t.d. vegna veikinda. Nemendur eru samt hvattir til að skila öllum verkefnum þótt það sé alltof seint því að alltaf er hugsanlegt að læra á því að gera þau og fá athugasemdir við þau.	25%	
Samtals:		100%	
Annað: Nemandi þarf að ná 4.5 í einkunn í prófi og ritgerð til að standast áfangann og aðrir þættir námsmats gildi.			

Dagsetning: 24.2'17

Inga B.
Undirritun kennara

Mania A. E.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils